

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 31. júlí 2008 í máli nr. S-709/2008:

### Ákærvaldið

(*Ragnheiður Harðardóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Oddgeir Einarsson hdl.*)

Mál þetta, sem var dómtekið 17. þ.m., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 30. júní 2008, á hendur X, fæddum 1955, K-götu í Kópavogi „fyrir kynferðisbrot sem hér greinir:

A.

Gagnvart stjúpdóttur sinni A, fæddri 1994, framin á árunum 2002, eða þar um bil, til marsmánaðar 2008 á heimili þeirra í Danmörku, að D-götu 7, E-götu 10, L-götu 5 og B-götu 42 í Reykjavík, að K-götu 24 í Kópavogi og á sumardvalarstað í Króatíu, með því að hafa:

1. Að staðaldri verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar.
2. Í allt að fimm skipti fráð sér í viðurvist stúlkunnar á heimili þeirra að K-götu.
3. Ljósmyndað stúlkuna á kynferðislegan og klámfenginn hátt þar sem hún baðaði sig á heimili þeirra að E-götu og þar sem þau dvöldu á nektarnýlendu í Króatíu.
4. Í eitt skipti á heimili þeirra í Danmörku, í eitt skipti á heimili þeirra í B-götu og í þrjú til fjögur skipti á heimili þeirra að K-götu, haft samræði við stúlkuna eða önnur kynferðismök sem fólust í því að ákærði lét getnaðarlim sinn nuddast við kynfæri stúlkunnar.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 1.-3. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum, en samkvæmt 4. ákærulið við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Gagnvart dóttur sinni B, fæddri 1996, framin á sama tímabili á heimili þeirra sem að ofan greinir og á sumardvalarstað á Spáni, með því að hafa:

5. Að staðaldri verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar.
6. Í allt að fjögur skipti fráð sér í viðurvist stúlkunnar á heimili þeirra að K-götu.
7. Tekið ljósmyndir og hreyfimynd af stúlkunni sem sýndu hana á kynferðislegan og klámfenginn hátt þar sem þau dvöldu á nektarnýlendu á Spáni.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 5.-7. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Gagnvart dóttur sinni C, fæddri 1998, framin á sama tímabili á heimili þeirra sem að ofan greinir og á sumardvalarstað í Króatíu, með því að hafa:

8. Að staðaldri verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar.
9. Í allt að sex skipti fráð sér í viðurvist stúlkunnar á heimili þeirra að K-götu.
10. Í allt að sex skipti káfað á rassi stúlkunnar utan klæða á heimili þeirra að K-götu.
11. Ljósmyndað stúlkuna á kynferðislegan og klámfenginn hátt þar sem þau dvöldu á nektarnýlendu í Króatíu og á heimili þeirra að K-götu, þar sem ákærði lét stúlkuna afklæðast meðan á myndatöku stóð.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 8.-9. og 11. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 10. ákærulið við 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

D.

Gagnvart D, fæddri 1998, framin frá árinu 2004 til 8. febrúar 2008, á heimili ákærða að E-götu, B-götu og K-götu, með því að hafa:

12. Margsinnis verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar og nokkrum sinnum lagst nakinn við hlið hennar þar sem hún lá í rúmi.

13. Margsinnis fært stúlkuna úr nærbuxum á meðan hún svaf og horft á kynfæri hennar.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 12. og 13. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

E.

Gagnvart E, fæddri 1996, framin frá hausti 2003 til maímánaðar 2005 á heimili ákærða að E-götu og L-götu, með því að hafa:

14. Nokkrum sinnum verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar.

15. Í eitt skipti á heimili ákærða að L-götu lagst við hlið stúlkunnar þar sem hún lá á rúmdýnu og strokið kynfæri hennar innan klæða.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 14. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 15. ákærulið við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

F.

Gagnvart F, fæddri 1997, framin árið 2007 á heimili ákærða að K-götu, með því að hafa:

16. Í um sex skipti verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar.

17. Í eitt skipti lagst allsnakinn við hlið stúlkunnar þar sem hún lá í rúmi, lagt fótlegg yfir hana og legið svo þétt upp við hana að getnaðarlimur hans straukst við bak hennar.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 16. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 17. ákærulið við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

G.

Gagnvart G, fæddri 1997, framin í júní 2007 á heimili ákærða að K-götu, með því að hafa:

18. Verið allsnakinn í viðurvist stúlkunnar.

19. Viðhaft kynferðislegt tal við stúlkuna meðal annars með því að spyrja hvort hún vildi sjá ákærða og eiginkonu hans hafa samfarir og hvetja hana til sjálfsfróunar.

20. Hvatt stúlkuna til að kasta leikföngum í kynfæri hans og rass þar sem hann lá nakinn á rúmdýnu.

21. Afklætt stúlkuna þar sem hún lá í rúmi, snert kynfæri hennar, lýst með vasaljósi upp í kynfæri hennar, skoðað þau með spegli og hvatt hana til að gera hið sama.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 18.-20. ákærulið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 21. ákærulið við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

H.

22. Með því að hafa haft í vörslu sinni í Fujitsu/Siemens turntölvu með tveimur hörðum diskum og Dell Latitude fartölvu, sem haldlagðar voru á heimili ákærða að K-götu 27. mars 2008, 228 ljósmyndir og 3 hreyfimyndir, sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, þar af voru 99 ljósmyndir af dætrum og stjúpdóttur ákærða og allar hreyfimyndirnar af dætrum hans.

Telst þetta varða við 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.“

Í þinghaldi við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu ákærvalds að fallið væri frá saksókn á hendur ákærða að því er tekur til þess að hann hafi haft í vörslum sínum 129 ljósmyndir, sem sýni börn, önnur en dætur hans og stjúpdóttur, á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, sbr. ákæruliður 22. Taka sakargiftir á hendur ákærða samkvæmt þessum ákærulið þannig eingöngu til þess að hann hafi haft í vörslum sínum 99 ljósmyndir af dætrum sínum og stjúpdóttur og þrjár hreyfimyndir sem sýni þær á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga á Fujitsu/Siemens turntölvu með tveimur hörðum diskum og Dell Latitude fartölvu.

Í málinu er þess ennfremur krafist að ákærða verði dæmdur til greiðslu miskabóta, svo sem hér greinir:

Af hálfu A er krafist miskabóta að fjárhæð 4.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2004 til 14. júní 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu B er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2004 til 14. júní 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu C er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 1. apríl 2004 til 14. júní 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu D er krafist miskabóta að fjárhæð 1.250.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 31. desember 2004 til 25. maí 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu E er krafist miskabóta að fjárhæð 1.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 8. maí 2004 til 20. júlí 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu F er krafist miskabóta að fjárhæð 1.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 1. febrúar 2007 til 20. júlí 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu G er krafist miskabóta að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 1. júní 2007 til 20. júlí 2008 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í tvígang á síðasta ári haft kynferðismök, önnur en samræði, við stjúpdóttur sína A, sbr. liður A.4 í ákæru, en neitar að öðru leyti sök samkvæmt þessum ákærulið. Að því er aðrar sakargiftir varðar hefur ákærði að hluta til viðurkennt að hafa viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákæru, en hafnar því að meginstefnu til að hann hafi með henni gerst brotlegur við lög. Gerir hann kröfu til þess að honum verði einungis gerð vægasta refsing sem lög frekast leyfa. Þá krefst hann lækkunar á bótakröfu A og sýknu af öðrum bótakröfum.

I.

Hinn 27. febrúar 2008 ritaði framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur bréf til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem sett var fram beiðni um að fram færi

lögreglurannsókn vegna gruns um að ákærði, X, hafi framið kynferðisbrot gegn D, sem er fædd 1998. Er í bréfinu vísað til þess að stúlkan hafi nokkrum dögum áður greint foreldrum sínum, frænku og fjölskylduráðgjafa frá því að hún hafi stundum þegar hún gisti á heimili vinkonu sinnar, C, vaknað nærbuxnalaus. Þá hafi heimilsfaðirinn, ákærði X, oft lagst nakinn hjá þeim. Þennan sama dag ritaði félagsráðgjafi hjá Félagsþjónustunni í Kópavogi lögreglu bréf, sem samkvæmt yfirskrift þess er tilkynning um meinta kynferðislega misnotkun gagnvart dóttur ákærða, C. Er í bréfinu gerð grein fyrir því að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi á árinu 2004 borist tilkynningar undir nafnleynd þar sem lýst hafi verið áhyggjum vegna aðbúnaðar barna á heimili ákærða og eiginkonu hans. Í einni þeirra hafi meðal annars komið fram að ákærði gengi um nakinn á heimili sínu, bæði fyrir framan sín börn og gestkomandi börn. Hafi þessar tilkynningar leitt til athugunar af hálfu nefndarinnar, sem lýst er í bréfinu, en henni hafi að því gerðu verið hætt í nóvember þetta ár. Málið hafi síðan verið tekið upp aftur árið 2006 vegna tilkynninga sem þá bárust, en á fundi í barnaverndarnefnd Kópavogs 31. maí 2007 hafi verið tekin ákvörðun um „útskrift máls“, eins og það er orðað. Hinn 19. febrúar 2008 hafi síðan borist tilkynning samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga frá Heilsugæslustöðinni í Grafarvogi sem að líkindum tekur til stúlkunnar D. Í niðurlagi þessa bréfs félagsráðgjafans segir síðan að barnaverndaryfirvöldum í Reykjavík og Kópavogi hafi borist sex tilkynningar samkvæmt 16. og 17. gr. barnaverndarlaga. Allar varði þær meint kynferðislegt ofbeldi ákærða gagnvart dætrum hans og vinkonum þeirra. Er þess óskað að málið verði tekið til opinberrar rannsóknar.

Faðir D, H, mætti 17. mars 2008 á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og lagði fram formlega kæru á hendur ákærða. Var ákærði yfirheyrdur vegna þeirrar kæru 27. sama mánaðar. Þar viðurkenndi hann að hafa gengið um nakinn í viðurvist stúlkunnar. Þá skýrði ákærði svo frá að í nokkur skipti þegar D gisti hjá dóttur hans hafi það gerst að hún pissaði undir. Hafi hann þá „tekið af henni nærbuxurnar“ og látið hana fá aðrar í staðinn.

Skýrslur voru teknar af dætrum ákærða og stjúpdóttur hans fyrir dómi 1. apríl 2008, sbr. a-liður 1. mgr. 74. gr. a. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Daginn eftir og á grundvelli þess sem fram kom í vitnisburði þeirra var ákærði handtekinn og færður til yfirheyrslu. Að henni lokinni var sett fram krafa um að honum yrði gert að sæta gæsluvarðahaldi og féllst héraðsdómur á þá kröfu með úrskurði 3. apríl. Hefur ákærði setið í gæsluvarðhaldi síðan, síðast á grundvelli dóms Hæstaréttar 7. þ.m.

Kærun á hendur ákærða sem lúta að því að hann hafi brotið gegn stúlkunum E, F og G voru lagðar fram á tímabilinu 23. apríl til 2. júní 2008. Þannig mætti móðir F, J, á lögreglustöð 23. apríl í þessu skyni, en lögreglumaður mun hafa hringt í hana í kjölfar þess að C gaf skýrslu fyrir dómi og innt hana eftir því hvort hún vissi eitthvað um kynferðisbrot sem ákærði væri grunaður um. Mun hvað þetta varðar hafa verið stuðst við þann framburð stúlkunnar að ákærði hafi verið allsnakinn í viðurvist F. Kom fram hjá J í kæruskýrslu hennar að þegar hún hafi rætt við dóttur sína um þetta hafi hún í fyrstu neitað að þetta hafi gerst, en síðar skýrt svo frá að ákærði hafi verið nakinn þegar hún var í heimsókn hjá dóttur hans. Þá hafi það gerst í þriðja og síðasta skiptið sem hún gisti hjá C að ákærði hafi sofnað nakinn við hlið hennar og að hún hafi fundið lim hans strjúkast við bakið á sér. Kæra vegna E var lögð fram 8. maí af móður hennar, K. Kom fram hjá henni þegar hún mætti í

Þessu skyni til lögreglu að út frá fjölmiðlaumfjöllun hafi hún áttað sig á því að ákærði væri grunaður um kynferðisbrot. Í kjölfarið hafi hún innt dóttur sína eftir því hvort ákærði hafi brotið gegn henni. Hún hafi þá brotnað saman og skýrt frá því að hann hafi í eitt skipti þegar hún gisti heima hjá honum farið með hendur inn undir nærbuxur hennar og strokið henni um klobbann. Þá hafi ákærði sífellt verið nakinn inni á heimili sínu. Kæra vegna G var lögð fram 2. júní. Er tildrögum hennar lýst svo að tveimur vikum áður hafi systir ákærða sagt móður G frá því að hann væri grunaður um kynferðisbrot og sæti í fangelsi. Þar sem G hafi gist einu sinni á heimili ákærða hafi móðir hennar reynt að grennslast fyrir um það með samtali við hana hvort ákærði hafi brotið gegn henni. Hafi stúlkan þá lýst atvikum sem sakargiftir á hendur ákærða samkvæmt liðum G.18 til G.21 í ákæru taka til.

Skýrsla var tekin fyrir dómi af D 2. apríl, af F 8. maí, af E 22. maí og af G 11. júní 2008, sbr. a-liður 1. mgr. 74. gr. a. laga um meðferð opinberra mála. Í kjölfarið, nánar tiltekið 18. júní 2008, voru að nýju tekar skýrslur fyrir dómi af dætrum ákærða og stjúpdóttur hans, aðallega í því skyni að leita eftir því hvort þær hefðu einhverja vitneskju um þau atvik sem þessar fjórar stúlkur hafa borið um.

Dómarar hafa horft á upptökur af skýrslugjöf framangreindra sjö stúlkna fyrir dómi, en þær liggja fyrir í málinu á myndböndum og tölvudiskum.

Rétt þykir að geta þess hér að samkvæmt vottorði Þjóðskrár voru ákærði og fjölskylda hans búsett í Danmörku frá því í ársbyrjun 2000 og jafnvel fyrr og til 4. ágúst 2002. Hér á landi var fjölskyldan með skráð lögheimili að H-götu 30 í Reykjavík frá 4. ágúst 2002 til 29. janúar 2003, að D-götu 7 í Reykjavík frá þeim degi til 1. júní sama ár, að E-götu 10 í Reykjavík frá þeim degi til 25. janúar 2005, að L-götu 5 í Reykjavík frá þeim degi til 1. apríl sama ár, að B-götu 42 í Reykjavík frá þeim degi til 5. apríl 2006 og að K-götu 24 í Kópavogi þaðan í frá.

Við aðalmeðferð málsins var upplýst að ákærða og eiginkonu hans, Y, sem er móðir stúlnanna A, C og B, hafi nýlega verið veitt lögskilnaðarleyfi.

## II.

Ákærði hefur borið á þann veg að hann hafi margoft verið nakinn í viðurvist dætra sinna og stjúpdóttur, sbr. liðir A.1, B.5 og C.8 í ákæru. Þá hefur hann játað að hafa verið allsnakinn í viðurvist G á heimili sínu í K-götu í Kópavogi í júní 2007 og að hafa í nokkur skipti frá hausti 2003 til maímánaðar 2005 verið allsnakinn í viðurvist E á heimili sínu í Reykjavík, sbr. ákæruliðir E.14 og G.18. Auk þessa hefur ákærði viðurkennt að hafa verið á að giska fjórum sinnum allsnakinn í viðurvist F, sbr. liður F.16 í ákæru, og í nokkur skipti í viðurvist D, sbr. liður D.12 í ákæru. Er í ljós leitt með þessu og framburði vitna að ákærði hafi viðhaft þessa háttsemi og í þeim mæli sem í játningu hans samkvæmt framansögðu felst, en ekki þykja efni til að ganga lengra að því er tekur til fjölda tilvika en ákærði hefur sjálfur gengist við.

Ákærði andmælir því að hann hafi með þeirri háttsemi sinni sem framangreindar sakargiftir lúta að gerst brotlegur við lög, en hún er í ákæru heimfærð til 209. gr. almennra hegningarlaga. Hefur hann við rannsókn málsins hjá lögreglu og fyrir dómi borið því við hann sé „naturisti“ eða hafi í öllu falli verið það á þeim tíma sem ákæra málsins tekur til. Í því felst að hans sögn að finnast það þægilegt að vera nakinn innan um annað fólk sem líka vill vera nakið, þar á meðal börn, og að vera

ófeiminn við að sýna sig nakinn. Þetta hafi ekkert með kynferðisleg málefni að gera, naturista finnist það einfaldlega þægilegt að vera nakinn. Hann hafi sofið nakinn frá 5 ára aldri og þess utan margoft verið nakinn inni á sínu heimili og á sumardvalarstöðum á meginlandi Evrópu sem ætlaðir eru þeim sem aðhyllast „naturisma“.

Í 209. gr. almennra hegningarlaga er mælt fyrir um það að hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum, en fangelsi allt að 6 mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt. Með lostugu athæfi í skilningi ákvæðisins er átt við athöfn af kynferðislegum toga sem gengur skemmra en samræði og önnur kynferðismök. Í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 40/1992, en með þeim var gerð talsverð breyting á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga, segir svo meðal annars: „Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af ofangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi).“ Í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins segir svo meðal annars: „Af nýjum sérákvæðum í 200. – 202. gr., sbr. 8. – 10. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, leiðir hins vegar að undir 209. gr. fellur nú ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, klúrt orðbragð í síma.“

Stúlkurnar D, E, F og G hafa allar borið á þann veg, að þeim hafi fundist það mjög óþægilegt þegar ákærði var nakinn í viðurvist þeirra, svo sem eðlilegt hlýtur að teljast. Hið sama er að segja um dætur ákærða og stjúpdóttur hans, en ekki hvað síst átti það við í þeim tilvikum þegar vinkonur þeirra voru staddar inni á heimilinu. Jafnvel þótt út frá því væri gengið að það framferði ákærða að ganga um nakinn á heimili sínu hafi alfarið helgast af því að hann aðhyllist „naturisma“, er haldlaus sú málsvörn hans að hann hafi þar með og án þess að til álita kæmi að hann bryti með því gegn refsilögum getað verið allsnakinn þar í viðurvist barna. Í ljósi þessa, aðstæðna allra og að virtu öðru því sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að með þeirri háttsemi sinni að vera allsnakinn í viðurvist þessara sjö stúlkna og þá sérstaklega í þeim mæli sem lagt er til grundvallar samkvæmt framansögðu að því er tekur til dætra hans og stjúpdóttur, hafi hann misboðið þeim þannig að varði við 209. gr. almennra hegningarlaga. Ekki eru efni til að taka til sérstakrar úrlausnar þær sakargiftir að ákærði hafi lagst nakinn við hlið stúlkunnar D, enda er sakfelling samkvæmt framansögðu meðal annars á því byggð að hann hafi verið nakinn í viðurvist stúlkunnar.

### III.

Í ákæruliðum A.3, B.7 og C.11 er ákærða gefið að sök að hafa tekið myndir af dætrum sínum og stjúpdóttur sem sýni þær á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en með því er hann sagður hafa brotið gegn 209. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið þær myndir sem þessir ákæruliðir taka til og telst fram komin viðhlítandi sönnun fyrir því, en til þess er að líta að mynd sem í ákæru er sögð hafa verið tekin á heimili ákærða við E-götu mun hafa verið tekin þá er fjölskylda hans bjó að B-götu 42 í Reykjavík.

Töku þeirra mynda sem hér um ræðir tengir ákærði við „naturisma“ eða „nudisma“. Þær séu að mestu teknar á „naturistastöðum“ og séu einungis hluti af myndum sem hann hafi tekið þegar hann var á ferðalögum með fjölskyldu sinni í útlöndum. Um

sé að ræða sumarleyfismyndir eða „holiday photos“.

Á meðal gagna málsins er skýrsla Brynjars Emilssonar sálfræðings, en lögregla fól honum 11. apríl 2008 að framkvæma sálfræðimat á ákærða. Kemur fram í skýrslunni á sálfræðingurinn hafi átt viðtöl við ákærða 17., 22. og 27. apríl og 6. og 9. maí. og lagt fyrir hann sálfræðiþróf. Er það niðurstaða hans að ákærði uppfylli greinilega skilyrði fyrir barnahneigð (paedophilia) samkvæmt ICD-10 greiningarkerfinu sem ásamt miklum þráhyggjuhugsunum um kynlíf hafi fylgt honum frá barnsaldri. Þá kemur fram í skýrslunni að í viðtölum hafi ákærði meðal annars skýrt frá því að hann hafi áhuga á að skoða nektarmyndir af dætrum sínum í tölvunni og að hann hafi áhuga á að horfa á kynfæri stúlkna frá 6 ára aldri til kynþroskaaldurs, en neitaði því að þessi áhugi hans ætti sér kynferðislegar rætur. Er það mat sálfræðingsins að ólíklegt sé að það fái staðist.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 4. apríl 2008 skýrði ákærði svo frá að það örvaði hann að sjá börn nakin. Þegar bornar voru undir hann sakargiftir sem liður D.13 í ákæru tekur til lýsti hann þessu enn frekar og kvað meðal annars svo sterkt að orði að hann fengi einhvers konar „kikk“ út úr því að horfa á naktar stelpur og það „að horfa á kynfæri hennar [...] það hlýtur að vera eitthvað kynferðislegt í því“.

Stór hluti þeirra mynda sem hér koma til skoðunar eru af dætrum ákærða og stjúpdóttur hans þar sem sést í ber kynfæri þeirra og rass. Í að minnsta kosti átta tilvikum er augljóst að markmiðið með myndatökunni hefur verið það eitt að ná myndum af kynfærum stúlkanna. Fleiri myndir verða og að teljast kynferðislegs eðlis og klámfengnar, en umfram þetta þykir ekki ástæða til að taka hér afstöðu til þeirra að því leyti. Hlutrænt séð og með vísan til þess sem að framan er rakið þykir mega líta svo á taka myndanna hafi verið lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga. Þá er það mat dómsins að þessi háttsemi ákærða hafi verið til þess fallin að særa blygðunarkennd dætra hans og stjúpdóttur. Hefur ákærði því gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og unnið sér til refsingar samkvæmt tilvitnuðu ákvæði almennra hegningarlaga.

#### IV.

Í ákæruliðum A.2, B.6 og C.9 er ákærða gefið að sök að hafa í nokkur skipti fróað sér í viðurvist dætra sinna og stjúpdóttur á heimili þeirra í K-götu í Kópavogi og með því gerst sekur um brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga.

Þegar tekin var skýrsla af C fyrir dómi 1. apríl 2008 lýsti hún meðal annars athæfi af hálfu föður hennar sem ekki verður skilið á annan veg en þann að hann hafi fróað sér þegar hún sá til. Lýsti stúlkan þessu með þeim orðum að hann hafi tekið í „typpið sitt og fara upp og niður svona“ og útskýrði þetta síðan með tilteknum hreyfingum. Þetta hafi gerst í K-götu „nokkuð mörgum sinnum, meira en fjórum, fimm og sex sinnum, meira en það“. Taldi stúlkan að faðir hennar hafi ekki tekið eftir því að hún væri nærstödd. Þá kom fram hjá stúlkunni í samhengi við umfjöllun um þetta að A hafi einhvern tíma sagt við hana „að henni finndist það ógeðslegt þegar pabbi væri að snerta sig eða eitthvað þannig“ og að hún hafi svarað því játandi.

Við skýrslugjöf fyrir dómi 1. apríl 2008 var B innt eftir því hvort það væri eitthvað sem hún hefði orðið vör við í fari föður hennar sem henni þætti óþægilegt.

Tiltók stúlkan það eitt að henni hafi fundist það óþægilegt þegar hann gekk um nakinn á heimili þeirra. Stúlkan gaf skýrslu fyrir dómi að nýju 10. sama mánaðar. Þegar nokkuð var liðið á þá skýrslutöku var hún spurð um það hvort hún hafi einhvern tíma séð pabba sinn gera eitthvað við líkama sinn. Svaraði hún því neitandi, en spurði jafnframt við hvað væri átt. Var henni þá skýrt frá því að systur hennar hefðu séð hann snerta typpið á sér. Svaraði stúlkan því þá til að hún hafi „kannski séð það svona einu sinni eða tvisvar, kannski þrisvar. Hann hafi þá legið uppi í rúmi eða á dýnu á gólfinu, en hún staðið við dyrnar að herberginu. Hafi hún séð hann snerta á sér kynfærin. Aðspurð kvaðst hún vita hvað karlmenn gerðu þegar þeir væru að fróa sér og kvaðst halda að hann hafi verið að gera það. Þetta hafi gerst þrisvar eða fjórum sinnum og þá í K-götu, hún hafi verið 5. bekk.

Í skýrslugjöf fyrir dómi 1. apríl 2008 kvaðst stjúpdóttir ákærða, A, oft hafa séð hann „runka sér“. Lýsti hún þessu með þeim orðum að hann hafi haldið um typpið „og svona fram og til, og upp og niður“. Hafi C sagt henni að hún hafi líka séð hann gera þetta. Typpið á honum hafi verið hart vegna þess að það hafi verið „svona stærra og [staðið] svona beint upp“. Að því er varðar fjölda tilvika svaraði stúlkan því til að þetta hafi gerst fimm sinnum, en hún væri ekki alveg viss. Í eitt skipti hafi sæði komið úr typpinu. Þá kom fram hjá henni að stjúpfaðir hennar hafi örugglega gert sér grein fyrir því að hún hafi séð til hans.

Við skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu 2. apríl 2008 var borinn undir hann sá framburður C og A að hann hafi fróað sér í viðurvist þeirra. Kvað hann þetta ekki vera rétt. Þegar hann gaf skýrslu að nýju tveimur dögum síðar skýrði hann hins vegar svo frá að mögulegt væri að „börnin“ hefðu séð hann fróa sér en tiltók síðan reyndar eingöngu C í þessu sambandi. Síðar í skýrslu sinni viðurkenndi hann að hafa fróað sér allt að fjórum sinnum þegar hún sá til, svo og að B hafi séð hann fróa sér einu sinni. Við skýrslugjöf 25. apríl bar ákærði þetta til baka að því er varðar B og kvaðst aldrei hafa brotið gegn henni, hann hafi í það minnsta ekki gert sér grein fyrir því að hún væri að fylgjast með honum þegar hann fróaði sér.

Við aðalmeðferð málsins gekkst ákærði við því að dætur hans og stjúpdóttir hafi í nokkur skipti orðið vitni að því þegar hann snerti kynfæri sín. Um hafi verið að ræða snertingu kynfæra með einhverjum hreyfingum, tveimur eða þremur hægum hreyfingum, en ekki væri hægt að tala um sjálfsfróun þar sem ásetningur hans hafi ekki staðið til þess að fá fullnægingu. Þótt vel geti verið að þær hafi litið á þetta með þeim hætti að hann hafi verið að fróa sér hafi enginn kynferðislegur tilgangur legið að baki þessari snertingu hans.

Ákærði hefur samkvæmt framansögðu verið reikull í afstöðu sinni til þeirra sakargifta sem hér eru til umfjöllunar. Við aðalmeðferð málsins lýsti hann þó atferli sem fær samrýmst því sem dætur hans hafa borið um, þótt ljóst megi vera að hann geri þar minna úr því. Framburður stúlnanna um að hann hafi fróað sér í viðurvist þeirra er afdráttarlaus og trúverðugur. Í skýrslutöku fyrir dómi sama daginn skýrðu þær A og C frá samtali sem þær hefðu átt þar sem fram hafi komið að þær hefðu báðar séð föður sinn fróa sér. Þá er til þess að líta að B var mjög treg til að bera um misgjörðir af hálfu föður hennar, en var þó einörð í þeim vitnisburði sínum að hann hafi fróað sér í viðurvist hennar. Að framangreindu virtu þykir ekki varhugavert að telja komnar fram viðhlítandi sönnur fyrir sakargiftum, þó þannig að við tilgreiningu á fjölda tilvika verður látið við það sitja að hann hafi í nokkur skipti fróað sér í viðurvist stúlnanna og þá án þess að sérstaklega sé tekin afstaða til þess

hversu oft hann braut með þeim hætti gegn hverri þeirra fyrir sig.

V.

Alvarlegustu sakargiftirnar á hendur ákærða taka til þess að hann hafi á um það bil sex ára tímabili haft samræði eða önnur kynferðismök við stjúpdóttur sína A í fimm eða sex skipti, sbr. liður A.4 í ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Við þingfestingu málsins gekkst ákærði við því að hafa í tvígang á síðasta ári á heimili sínu í K-götu í Kópavogi haft kynferðismök, önnur en samræði, við stúlkuna. Hafi hún í bæði skiptin lagst ofan á ákærða og nuddað kynfærum sínum við getnaðarlim hans. Að öðru leyti neitaði ákærði sök samkvæmt þessum ákærulið.

Þegar stúlkan gaf skýrslu fyrir dómi 1. apríl 2008 skýrði hún í upphafi frá því hvað henni hafi fundist það óþægilegt þegar ákærði var allsnakinn í viðurvist hennar og að hún hafi viljað að hann væri í náttbuxum eins og aðrir pabbar. Innt eftir því hvort hún gæti nefnt eitthvað annað sem henni hafi fundist óþægilegt svaraði hún því til að hann hafi gert eitthvað sem henni hafi fundist mjög óþægilegt þegar hún var lítil og að hann væri hættur því núna. Kvaðst hún eiga mjög erfitt með að segja frá því. Þegar á hana var gengið sagði hún að það sem gerðist sé „eins og foreldrar bara gera, svona ríða, stinga typpi í þíkuna“. Það hafi ákærði gert við hana þegar hún var yngri. Aðspurð um fjölda tilvika svaraði stúlkan því til að þau væru örugglega mörg. Þegar þetta gerðist fyrst hafi hún örugglega verið mjög lítil og þá búíð í Danmörku. Hér á landi hafi þetta gerst þegar þau bjuggu í B-götu og í K-götu líklega í eitt skipti á fyrrnefnda staðnum og á þeim síðarnefnda „kannski þrisvar eða fjórum sinnum, eða minna, ég veit það ekki, eða meira, ég er ekkert búin að vera að telja“. Hann hafi byrjað á því að afklæða hana, hún hafi verið klædd í náttföt. Lýsti hún atvikum í kjölfarið á þann veg að í fyrstu hafi typpið á honum verið venjulegt og svo hafi það harnað smám saman og hún hafi fundið fyrir því í þíkunni. Hún hafi í öll skiptin legið ofan á honum „og hann bara svona hreyfði mig svona fram og til baka“. Ekki hafi komið sæði úr typpinu þegar þetta gerðist. Þegar hann hafi hætt að færa mjaðmirnar á henni svona fram og til baka hafi þessu lokið og hún farið í burtu. Þá skýrði stúlkan svo frá að henni hafi liðið illa eftir þetta og að hana hafi langað til að „þurrka þetta allt af eins og þetta hafi aldrei gerst“.

Daginn eftir framangreinda skýrslugjöf framkvæmdi Ebba Margrét Magnúsdóttir kvensjúkdómalæknir skoðun á A. Í vottorði læknisins, sem ritað er þennan sama dag, segir svo um niðurstöðu skoðunar: „Skoðun [...] sýnir þykkt U-laga meyarhaft, sem vísar til vinstri, op er 5 mm, það sést ekki inn á skeið vegna hvítleittrar útferðar. Á spöng er hvítleitt ör, vísar til hægri, um það bil 2 cm á lengd, svipar til þess sem sést eftir fæðingaráverka.“

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 2. apríl 2008 neitaði ákærði að hafa með einum eða öðrum hætti brotið gegn stjúpdóttur sinni. Þegar borinn var undir hann sá framburður stúlkunnar að hann hafi haft við hana kynferðismök sagði ákærði það ekki rétt. Árétaði hann þennan framburð sinn þegar honum var kynnt framangreind niðurstaða lækni-skoðunar og kvaðst enga skýringu geta gefið á þeim áverka sem tilgreindur sé í vottorðinu. Þegar ákærði var yfirheyrður að nýju þann 4. apríl var framburður hans á annan veg. Kvað hann það vera rétt að hann hafi haft kynmök við stúlkuna og að það hafi gerst oftar en einu sinni, líklega þrisvar eða fjórum

sinnum, og fyrst árið 2002 eða 2003. Lýsti ákærði þessu með þeim orðum að hann hafi verið nakinn, hún hafi farið úr nærbuxum og lagst ofan á hann þannig að kynfæri hans komust í snertingu við kynfæri hennar. Hún hafi síðan haldið höndum hans og hreyft sig ofan á honum. Þau hefðu verið ein inni í lokuðu herbergi í þau skipti sem þetta gerðist. Líklegt sé að sá áverki sem var á kynfærum stúlkunnar hafi hlotist af þessu og tiltók ákærði sérstaklega síðasta tilvikið í því sambandi, en að hans sögn hafi það að því er hann taldi átt sér stað síðastliðið haust. Honum hafi aldrei orðið sáðfall meðan á þessu stóð og getnaðarlimur hans hafi „aldrei farið alveg inn“. Þá staðhæfði ákærði að ekkert þessara tilvika hafi átt sér stað þegar þau bjuggu í Danmörku, hann hafi aldrei haft við stúlkuna kynmök þar. Þegar ákærði var yfirheyrður af lögreglu 25. apríl 2008 komst hann svo að orði að hann hafi haft kynmök við stjúpdóttur sína „þrisvar sinnum eitthvað svoleiðis“. Í fyrsta skiptið, líklega árið 2003, þá hafi hún lagst ofan á hann en í raun ekkert gert. Í framhaldi af þessu skýrði ákærði frá með eftirfarandi hætti: „Svo hafa í tvö önnur skipti verið þannig einu sinni í okkar rúmi og í annað skipti núna á síðasta ári í hennar rúmi að hún hefur lagst ofan á mig, farið úr nærbuxunum og lagst ofan á mig og gert þá, þá hefur hún gert einhverjar kynferðislegar hreyfingar en ég hef ekki, hún hefur ekki leyft mér að gera neitt og ég hef engan áhuga á því en ég geri mér grein fyrir því að það var rangt að leyfa henni að gera þetta. [...] Ég veit ekki hvað, ég hafði þá tilfinningu að það væri eitthvað að hún væri að nudda þarna efst, efst á kynfærum sínum við liminn á mér, fram og til baka, og þetta tók svona 15 sekúndur, 30 sekúndur, og svo virtist hún fá einhvers konar, ég veit það ekki, hún hætti allavega skyndilega og svo fór hún af mér.“ Honum hafi risið hold þegar hún nuddaði sér við hann með framangreindum hætti. Hann hafi aldrei beðið hana um að gera þetta, en það hafi verið dómgreindarleysi af hans hálfu að láta þetta gerast. Þá var það afstaða ákærða í þessari skýrslutöku af honum að hann gæti ekki ímyndað sér að þeir áverkar á kynfærum stúlkunnar sem læknisskoðun leiddi í ljós geti verið af hans völdum.

Við aðalmeðferð málsins áréttaði ákærði fyrri afstöðu sína til þeirra sakargifta sem hér um ræðir og sagði þær að öðru leyti stórlega ýktar. Árið 2003 hafi það gerst einu sinni að A klæddi sig úr nærbuxunum og lagðist ofan á hann þar sem hann lá á dýnu á gólfinu. Hún hafi ekkert hreyft sig eða aðhafst frekar og ekkert hafi gerst á milli þeirra umfram þetta. Á síðasta ári hafi hann hins vegar í tvígang haft kynmök við stúlkuna með fyrrgreindum hætti. Hvorugt þeirra hafi átt frumkvæði að þessu, þetta hafi bara gerst. Þá fullyrti ákærði sérstaklega aðspurður að getnaðarlimur hans hafi ekki farið inn í kynfæri stúlkunnar meðan á þessu stóð. Þegar borin var undir ákærða sú frásögn hans hjá lögreglu 4. apríl 2008 að þetta hafi gerst þrisvar eða fjórum sinnum áréttaði hann að þetta hafi einungis gerst tvisvar og að hann hafi hvað þetta varðar skýrt satt og rétt frá í skýrslutöku 25. apríl 2008.

Í 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er mælt fyrir um þá meginreglu, að sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik, sem telja má honum í óhag, hvíli á ákærvaldinu. Skal dómari samkvæmt 46. gr. sömu laga meta hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. laganna.

Játning ákærða fyrir dómi tekur samkvæmt framansögðu til þess að hann hafi tvisvar sinnum á síðasta ári haft kynferðismök, önnur en samræði, við stjúpdóttur sína, sem að hans sögn fólust í því að hún nuddaði kynfærum sínum við getnaðarlim hans. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 4. apríl 2008 skýrði hann á hinn bóginn svo frá að hann hafi líklega í þrjú eða fjögur skipti haft kynmök við stúlkuna, síðast á heimili þeirra við K-götu, en það atvik taldi hann að hafi átt sér stað síðastliðið haust. Við skýrslugjöf 25. apríl 2008 tilgreindi ákærði fjölda tilvika með orðunum „þrisvar sinnum, eitthvað svoleiðis“, en gerði þann fyrirvara varðandi eitt þessara tilvika sem áður er getið. Vitnisburður stúlkunnar um fjölda tilvika er lítt afdráttarlaus. Hún hefur verið einkar trúverðug í lýsingu sinni á því með hvaða hætti það bar til að ákærði braut gegn henni og bæði bera þau á þann veg að hún hafi legið ofan á honum meðan á þessu stóð. Þykir mega leggja lýsingu hennar til grundvallar og hafna sem fjarstæðukenndum þeim framburði ákærða að hann hafi ekkert frumkvæði haft að því sem gerðist. Af framburði stúlkunnar verður ráðið að henni hafi í öllu falli fundist sem ákærði hafi haft við hana samræði. Við lækni- og skilningi laga. Braut hann með því gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 40/1992 og lög nr. 61/2007. Að því er varðar fjölda tilvika er til þess að líta að ákærði hefur hjá lögreglu gengist við því að hann hafi að minnsta kosti í þrjú skipti brotið gegn stjúpdóttur sinni með framangreindum hætti. Breyttur framburður hans fyrir dómi að þessu leyti þykir ótrúverðugur og þykir mega líta framhjá honum að því marki við úrlausn málsins. Að því virtu sem nú hefur verið rakið og með sérstakri vísan til þeirra ákvæða í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sem gerð hefur verið grein fyrir, er það niðurstaða dómsins að ekki sé varhugavert að telja það sannað í refsímáli þessu að ákærði hafi í þrjú skipti, þar af tvisvar sinnum á síðasta ári og einu sinni fyrir þann tíma en eftir að fjölskyldan flutti til Íslands frá Danmörku, gerst sekur um þá háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir samkvæmt framansögðu, enda fer það ekki í bága við vitnisburð stjúpdóttur hans að hann hafi í öllu falli brotið það oft gegn henni.

## VI.

Í lið C.10 í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa í allt að sex skipti káfað á rassi dóttur sinnar, C, utan klæða á heimili þeirra í K-götu í Kópavogi, og með því gerst sekur um brot gegn 2. gr. 200. gr. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Þegar tekin var skýrsla af stúlkunni fyrir dómi 1. apríl 2008 lýsti hún því að henni hafi fundist það óþægilegt þegar faðir hennar gekk um allsnakinn á heimili þeirra, þó einkum þegar vinkonur hennar dvöldu þar. Þegar hún var spurð hvort það hafi verið eitthvað annað sem henni hafi fundist óþægilegt svaraði hún því til að faðir hennar hafi „svona fimm eða sex sinnum káfað á [henni]“ og að hann hafi stundum káfað á rassinum á henni „og eitthvað þannig“. Nánar aðspurð um þetta

skýrði stúlkan svo frá: „Sko, mér finnst það mjög óþægilegt, þarna þegar ég er að labba um eldhúsið [...] og svo fer ég í ísskápinn og borðið og allt þannig, en stundum kemur hann hérna og slær mig í rassinn.“

Við skýrslutöku af þáverandi eiginkonu ákærða, Y, hjá lögreglu 2. apríl 2008 var borinn undir hana sá vitnisburður C að ákærði hafi í fimm eða sex skipti káfað á rassi hennar. Svaraði hún því til að hún hafi séð þetta og heyrt stúlkuna segja „hættu þessu pabbi, hættu þessu pabbi“. Hún hafi ekki litið svo á að eitthvað kynferðislegt lægi að baki þessari háttsemi ákærða. Hann hafi klappað stúlkunni á magann og rassinn og henni hafi bara fundist þetta eðlilegt.

Við fyrstu skýrslugjöf hjá lögreglu neitaði ákærði að hafa brotið gegn dóttur sinni með þeim hætti sem hún heldur fram samkvæmt framansögðu. Þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu 4. apríl 2008 var hann að nýju inntur eftir afstöðu sinni til þessara ásakana. Tjáði hann sig þá með þessum orðum: „Það getur líka verið að ég hafi svona bara í ástúð minni og bara til þess að svona af því bara til þess að grínast [...] snert rassinn á henni þegar ég labbaði út, það hef ég gert einstaka, einstaka sinnum og veit að það er náttúrulega rangt og ég hætti því náttúrulega af því að þegar hún sagði að henni líkaði það ekki að þá hætti ég því og hef ekki gert það síðan.“

Í þinghaldi við aðalmeðferð málsins skýrði móðir C, Y, svo frá að ákærði hafi í nokkur skipti klappað á rassinn á stúlkunni og að með því hafi hann bara verið að sýna stúlkunni kærleiksvott. Kannaðist Y ekki við að hafa borið á þann veg um þetta í skýrslu hjá lögreglu að um káf hafi verið að ræða eða verknad sem talist gæti af kynferðislegum toga.

Við þingfestingu málsins neitaði ákærði að hafa káfað á rassi stúlkunnar, en viðurkenndi að hafa strokið rass hennar og bak og að hafa með því verið að sýna henni væntumþykju. Við aðalmeðferð málsins áréttaði ákærði þessa afstöðu sína.

Þann framburð ákærða hjá lögreglu 4. apríl 2008 sem vitnað er til hér að framan má skilja á þann veg að hann hafi með því atferli sínu sem hann þar lýsir gert eitthvað sem talist getur rangt og að honum hafi verið það ljóst. Hann hefur allt að einu ekki viðurkennt að hafa með þessu brotið gegn stúlkunni. Frásögn móður stúlkunnar fyrir dómi þykir styðja þá neitun hans svo langt sem hún nær. Lýsing stúlkunnar sjálfar á því atferli ákærða sem hér um ræðir var og á þann veg að óvarlegt þykir að líta svo á að í því hafi falist verknadur af kynferðislegum toga. Er ákærði að þessu virtu sýknaður af sakargiftum samkvæmt þessum ákærulið.

## VII.

Í ákærulið D.13 er ákærða gefið að sök brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa frá árinu 2004 og til 8. febrúar 2008 margsinnis fært stúlkuna D úr nærbuxum þar sem hún hún svaf í rúmi á heimili hans og að hafa horft á kynfæri hennar.

Við skýrslutöku fyrir dómi 2. apríl 2008 skýrði D svo frá að alltaf þegar hún gisti heima hjá C vinkonu sinni, en það hafi hún margoft gert, hafi hún vaknað nærbuxnalaus. Hún hafi þá farið að leita að þeim og oftast fundið þær við rúm ákærða og Y, klætt sig í þær og sofnað aftur. Þegar stúlkan var spurð um það hvort

hún hefði einhverja skýringu á þessu kvaðst hún ekkert hafa hugsað út í það. Þetta hafi byrjað að gerast þegar hún var í 2. bekk og allt þar til hún svaf hjá þeim í síðasta skiptið, en það hafi verið á síðasta ári.

Þáverandi eiginkona ákærða, Y, lýsti því í skýrslu sinni hjá lögreglu 3. apríl 2008 að þegar D gisti hjá þeim hafi hún átt það til að pissa á sig á nóttunni. Hún hafi alltaf leitað til ákærða um aðstoð. Þó tilgreindi hún eitt tilvik þar hún hafi aðstoðað stúlkuna vegna þessa, en ákærði hafi þá ekki verið heima. Hafi hún látið stúlkuna hafa nýjar nærbuxur og sett þær blautu í plastpoka.

Í skýrslugjöf hjá lögreglu 27. mars 2008 var ákærði inntur eftir samskiptum sínum við D. Skýrði hann svo frá að það hafi oft komið fyrir þegar hún gisti hjá þeim að hún pissaði undir. Hafi hann í staðinn látið hana fá nærbuxur sem C átti. Blautu nærbuxurnar hefðu verið settar í poka og stúlkan tekið þær með sér heim. Ákærði var að nýju yfirheyrður af lögreglu vegna framangreindra sakargifta 4. apríl 2008. Þá skýrði hann svo frá: „D hefur oft pissað undir þegar hún var hjá okkur og ég hef fjarlæggt nærbuxurnar hennar og hérna látið hana fá þurrar [...] ég sé að ég hefði ekki átt að vera að gera það, ég hefði átt bara að vekja hana og biðja hana sjálfa um að skipta um buxur, en ég hef aldrei snert hana eða neitt svoleiðis [...] kannski bara horft á hana.“ Nánar aðspurður um síðastgreinda atriðið svaraði ákærði með eftirfarandi hætti: „Já bara þegar að nærbuxurnar voru komnar af þá bara horfði ég á, á hana bera, og svo ekki meira, og svo lét ég hana fá, það getur verið að mér hafi fundist það þægilegt að horfa á hana, það er eitthvað hérna sem ég þarf að ráða bót á, þessi þarna hvað það heitir það að þurfa að kíkja á svona, ég fæ einhvers konar kikk út úr því að horfa á naktar stelpur [...] bara á öllum aldri bara þangað til kynþroska eða kannski frá 6 ára aldri [...]“. Megi rekja það til þessara hneigðar hans að hann hafi frekar viljað færa hana sjálfur í nýjar nærbuxur í stað þess að segja henni sjálfri að gera það. Hún hafi verið sofandi eða nývöknuð, „hún vaknar yfirleitt við það að ég læt hana skipta um nærbuxur en ég hef horft á hana þangað til hún er vöknuð og þangað til hún er komin í aðrar nærbuxur og þetta er náttúrulega rangt og ég hefði átt að gera þetta allt öðruvísi“. Aðspurður um það hvort hann hafi örvast kynferðislega við þetta svaraði ákærði því til að svo hljóti að vera.

Við þingfestingu málsins 3. þ.m. viðurkenndi ákærði að hafa í nokkur skipti fært stúlkuna D úr nærbuxum þar sem hún hafi pissað undir og fært hana í nýjar nærbuxur. Hún hafi vaknað í hvert skipti og hann gert henni grein fyrir því af hverju hann færði hana úr nærbuxunum. Hann hafi ekki komist hjá því að sjá kynfæri stúlkunnar meðan á þessu stóð, en hann hafi ekki fært stúlkuna úr nærbuxunum í þeim tilgangi að horfa á kynfæri hennar heldur vegna þess sem að framan er getið. Við aðalmeðferð málsins bar ákærði á sama veg um þetta sakarefni og tók jafnframt fram að stúlkan hafi vaknað á meðan hann var að gera þetta. Þá tók hann fram að ekkert kynferðislegt hafi legið þarna að baki og áréttaði þann framburð sinn þegar borinn var undir hann framangreindur framburður hans hjá lögreglu 4. apríl 2008.

Fyrrum eiginkona ákærða bar á þann veg fyrir dómi að D hafi fengið að gista margoft hjá þeim. Hún hafi oft pissað undir. Hefðu blautu nærbuxurnar verið settar í plastpoka og móður hennar verið skýrt frá því hvað hefði gerst. Í vitnisburði sínum fyrir dómi könnuðust foreldrar D, þau H og I, ekki við þetta. Þó tiltók I að einu sinni hafi dóttir hennar komið heim með blautar nærbuxur eftir að hafa dvalið

hjá C vinkonu sinni, en það hafi verið að degi til, það er ekki í kjölfar gistingar, og sú saga fylgt að þær hefðu verið að leika sér og dóttir hennar pissað á sig.

Fyrir liggur með því sem rakið hefur verið hér að framan að við skýrslugjöf hjá lögreglu 4. apríl 2008 játaði ákærði í reynd þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæru. Hann hefur ekki gefið skýringar á breyttum framburði sem tekið verður tillit til við úrlausn máls. Að þessu sérstaklega gættu og með vísan til vitnisburðar D fyrir dómi hefur verið færð fram viðhlítandi sönnun fyrir þessari háttsemi ákærða. Hún er svo sem fram er komið talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga. Efnislegu inntaki þess ákvæðis er áður lýst. Með því sem fram er komið í málinu má ljóst vera að þessi háttsemi ákærða á sér kynferðislegar rætur. Þykir mega leggja til grundvallar að hann hafi afklætt stúlkuna í þeim tilgangi að svala kynferðislegri löngun sinni. Í þeim efnum fær engu breytt hvort aðstæður hennar hafi þá verið með þeim hætti sem hann hefur lýst, en sá framburður hans fer reyndar í bága við vitnisburð stúlkunnar og foreldra hennar. Þessi háttsemi ákærða var til þess fallin að særa blygðunarkennd stúlkunnar. Hefur ákærði samkvæmt þessu unnið til refsingar samkvæmt tilvitnuðu ákvæði almennra hegningarlaga.

## VIII.

Í ákæruliðum G.19 til G.21 er ákærða gefið að sök að hafa með þeim hætti sem þar er lýst brotið gegn stúlkunni G þannig að varði við 209. gr. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Tekin var skýrsla af G fyrir dómi 11. júní 2008. Lýsti hún fyrst atviki sem á að hafa gerst þegar hún gisti hjá C vinkonu sinni á síðasta ári. Hefðu þær vinkonunar verið uppi í koju en faðir C legið nakinn á dýnu á gólfinu. Hafi hann beðið þær um að kasta í hann hlutum og að þær ættu að reyna að láta þá lenda í typpinu á honum. Mun þarna hafa verið um að ræða einhvers konar tuskudýr. Þær hefðu gert þetta. Hann hafi síðan snúið sér við og beðið þær um að hitta rassinn. Tveimur öðrum atvikum, sem einnig eiga að hafa átt sér stað á síðasta ári, lýsti stúlkann með þessum orðum: „Svo sagði hann við mig hvort ég vildi sjá konuna hans og hann ríða og bíddu, já og svo vorum við að fara að sofa, ég, C og hann, við gistum bara þrjú inni í þessu herbergi, og svo sem sagt hann bað C um að fara og sækja vasaljós og hún sótti vasaljós og hún sagði pabbi hvað ætlarðu að gera við vasaljósið og hann sagði ég ætla að sýna G hvernig maður eignast börn, lét mig leggjast niður og ég lagðist niður og hann byrjaði þá bara að lýsa vasaljósinu upp í klofið á mér, eða þú veist, og það var eitthvað meira, ég man ekki alveg.“ Þá kom fram hjá stúlkunni að ákærði hafi afklætt hana og snert klof hennar þegar hann lýsti með vasaljósinu. Hann hafi sjálfur verið allsber meðan á þessu stóð. Hún hafi legið en hann hafi alltaf verið að reyna að „opna svona“ til þess að geta komið við hana. Má á myndbandsupptöku af skýrslutökunni sjá hana viðhafa hreyfingar sem gefa það til kynna að með hinum tilvitnuðu orðum eigi hún við að ákærði hafi þvingað fætur hennar í sundur.

Við skýrslutöku af C fyrir dómi 18. júní 2008 var leitað eftir því hvort hún hefði einhverja vitneskju um þessi atvik sem G hefur lýst. Fyrir það fyrsta staðfesti stúlkann þá lýsingu G að hún hafi hent tuskudýrum í ákærða þar sem hann lá allsber í rúmi sínu. Þær vinkonurnar hefðu legið saman í koju fyrir ofan hann. Hafi hann beðið þær um að kasta og sagt „kastiði þarna fyrir neðan hann, eða þú veist typpið hans“. Sjálf kvaðst C ekki hafa reynt að hitta typpið, hún hafi hent tuskudýrum í

hausinn á föður sínum. Í öðru lagi lýsti stúlkan því að faðir hennar hafi notað spegil og vasaljós til að skoða kynfæri G. Hún hafi verið allsber og kvaðst stúlkan halda að faðir hennar hafi sagt henni að fara úr fötunum. Þegar hún var innt eftir því hvað faðir hennar hafi gert við spegilinn og vasaljósið svaraði hún með þessum orðum: „Ég veit hvað hann gerði við vasaljósið. Hann þarf alltaf ljós til að kíkja inn í eða kannski eitthvað, já og svo spegil. Ég veit ekki hvað hann notaði við því. Setti kannski spegilinn hérna og vasaljósið bara svona.“ Síðar í skýrslutökunni lýsti stúlkan því að faðir hennar hafi notað vasaljósið til að lýsa upp í píkuna á G. Aðspurð um það hvort hún kannaðist við að faðir hennar hafi snert klofið á G meðan á þessu stóð svaraði stúlkan því játandi og með þeim orðum að hann hafi „opnað píkuna“. Á meðan hafi hann verið að tala um það hvernig börn fæðast. Í kjölfar þess hafi hann síðan sagt við G að hún mætti sjá hann og eiginkonu hans ríða.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu 3. júní 2008 vegna gruns um að hann hafi brotið gegn G, en svo sem fram er komið lagði móðir hennar fram kæru á hendur honum daginn áður. Skýrði hann frá því að stúlkan hafi gist tvisvar sinnum á heimili hans, í júní og ágúst 2007. Eiginkona hans hafi þá dvalið í útlöndum. Stúlkan hafi verið forvitin um kynlíf og viljað vita allt um það. Hún hafi beðið ákærða um að sýna sér grófar klámmyndir og heimtað að fá að horfa á ákærða og konu hans hafa kynmök. Hafi hann svarað því til að það kæmi ekki til greina. Þó kom fram hjá honum við síðari yfirheyrslu að hann hafi sagt við stúlkuna að hann myndi ræða þetta við eiginkonu sína, en hún myndi örugglega ekki veita sitt samþykki. Áhugi stúlkunnar á því að fræðast um kynlíf hafi hins vegar orðið til þess að hann hafi boðist til að láta hana hafa spegil þannig að hún gæti skoðað kynfæri sín. Hann hafi líka látið hana fá vasaljós í þessu skyni. Þetta hafi gengið eftir og hann hafi fylgst með því þegar hún framkvæmdi þetta, en hann hafi ekki aðstoðað hana frekar og aldrei snert hana. Þá hafi hann sagt henni að kynlíf færi fram með þeim hætti „að karlmaður setti liminn inn í leggöngin“. Við yfirheyrslu 20. júní kom fram hjá ákærða að hann hafi líka upplýst hana eitthvað um sjálfsfröun. Loks staðfesti ákærði við lögregluyfirheyrslur þá frásögn stúlkunnar að þær hefðu hent í hann tuskudýrum. G hafi stungið upp á þessu.

Í skýrslugjöf hjá lögreglu 19. júní 2008 kom fram hjá Y, þáverandi eiginkonu ákærða, að hann hafi á sínum tíma sagt henni frá því að G hafi spurt hann að því hvort hún mætti fylgjast með þeim hjónum hafa samfarir. Aðspurð um það hvað henni hafi fundist um þetta svaraði hún því til að stelpan væri bara forvitin.

Við þingfestingu málsins neitaði ákærði þeim sakargiftum sem hér um ræðir. Hann játaði þó að hafa hvatt stúlkuna til að kasta í sig leikföngum þar sem hann lá nakinn á rúmdýnu, en ekkert sérstaklega í kynfæri og rass. Þá neitaði hann að hafa boðið stúlkunni að fylgjast með samförum hans og eiginkonu sinnar. Stúlkan hafi verið forvitin um kynferðisleg málefni og hann hafi svarað spurningum hennar þar að lútandi. Ennfremur neitaði ákærði að hafa snert kynfæri stúlkunnar. Hann hafi spurt hana hvort hún vildi skoða kynfæri sín og þegar hún játti því hafi hann fengið henni vasaljós og spegil og sagt við hana að hún gæti notað þessa hluti til þess að gera það. Mögulegt sé að hann hafi hjálpað henni við þetta og þá með því að lýsa með vasaljósinu.

Við aðalmeðferð málsins neitaði ákærði því að það hafi verið hans hugmynd að G fengi að sjá hann og eiginkonu hans hafa samfarir. Hún hafi sjálf nefnt þetta í

tvígang. Stúlkan hafi verið mjög forvitin um kynferðisleg málefni. Þá neitaði ákærði að hafa hvatt stúlkuna til sjálfsfróunar, en sagt henni lauslega frá því hvernig hún færi fram. Þá hafi hann spurt hana hvort hún vildi skoða kynfæri sín og í kjölfarið aðstoðað hana við það með því að lýsa með vasaljósi upp í kynfæri hennar. Hún hafi sjálf haldið á spegli. Hann hafi ekki snert stúlkuna meðan á þessu stóð, en vel megi segja að hann hafi notfært sér að hún var ófeimin.

Ákærði hefur svo sem fram er komið verið sakfelldur fyrir að hafa verið nakinn í viðurvist stúlkunnar G. Ekki þykja efni til að líta á það sem sjálfstæðan refsiverðan verknað þótt ákærði hafi undir þeim kringumstæðum hvatt stúlkuna til að kasta leikföngum í kynfæri hans og rass, sbr. ákæruliður G.20. Honum verður því ekki sérstaklega gerð refsing fyrir þá tilteknu háttsemi. Vitnisburður stúlkunnar um aðrar sakargiftir sem hér eru til umfjöllunar er trúverðugur og hann fær samkvæmt því sem að framan er rakið ótvíræða stoð í vætti C að því er tekur til allrar þeirrar háttsemi sem ákærða er gefin að sök í lið G.21 í ákæru, svo og til þess að hann hafi spurt stúlkuna hvort hún vildi sjá hann og eiginkonu hans hafa samfarir, sbr. ákæruliður G.19. Þá er staðfest með framburði ákærða að hann hafi rætt við stúlkuna um sjálfsfróun, en þó án þess að hafa sérstaklega hvatt hana til slíkrar háttsemi, svo og að hafa viðhaft kynferðislegt tal við stúlkuna. Þykir að þessu virtu fram komin nægileg sönnun, sem ekki verður vefngd með skynsamlegum rökum, fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er sóttur til saka fyrir samkvæmt þessum tveimur ákæruliðum, þó þannig að ósannað þykir að hann hafi sérstaklega hvatt stúlkuna til sjálfsfróunar. Með þeirri háttsemi sem lýst er í lið G.19 braut ákærði gegn 209. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi hans samkvæmt lið G.21 varðar hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 202. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 61/2007.

## IX.

Í lið E.15 í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti á innan við tveggja ára tímabili frá árinu 2003 og fram í maímánuð 2005, þá er stúlkan E gisti á þáverandi heimili hans við L-götu í Reykjavík, lagst við hlið stúlkunnar þar sem hún lá á rúmdýnu og strokið kynfæri hennar innan klæða. Er þessi háttsemi heimfærð í ákæru til 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga

Í skýrslu sem tekin var af E fyrir dómi 22. maí 2008, sbr. a-liður 1. mgr. 74. gr. a. laga nr. 19/1991, skýrði hún frá atviki sem á að hafa átt sér stað þegar hún var 8 ára og gisti hjá B vinkonu sinni, dóttur ákærða, á þáverandi heimili þeirra rétt hjá Tjörninni í Reykjavík. Hefðu þær vinkonurnar legið á sitt hvorri dýnunni á gólfinu og ákærði á þeirri þriðju rétt hjá þeim. Hann hafi síðan komið yfir á dýnuna til hennar þegar B var sofnuð og byrjað að strjúka henni innan klæða. Hafi hann strokið með putta um klof hennar. Kvaðst E hafa orðið hrædd, það hafi ekki verið þægilegt þegar hann snerti hana og hún hafi ekki vitað hvað hún ætti að gera. Þetta hafi ekki staðið yfir í langan tíma. Fram kom hjá E að þetta hafi gerst að vetrarlagi, það hafi verið snjór úti.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 14. maí 2008 kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa brotið gegn E og neitaði alfarið að hafa snert kynfæri hennar. Stúlkan hafi dvalið mikið hjá þeim þegar þau bjuggu á E-götu í Reykjavík, en það hafi verið árið 2003. Árið 2004, þegar stúlkan var 8 ára, hafi fjölskyldan búið í B-götu. Hún hafi síðan haldið áfram að koma í heimsókn til þeirra eftir að þau fluttu þaðan og

meira að segja gist hjá þeim eina nótt þegar þau voru flutt í K-götu í Kópavogi. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 20. júní 2008 áréttaði ákærði að hann hafi ekki brotið gegn E. Sérstaklega aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa sofið inni í sama herbergi og dætur hans og E þá er fjölskyldan bjó á L-götu, hann hafi sofið í öðru herbergi og þar í rúmi en ekki á dýnu á gólfinu.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 19. júní 2008 kom fram hjá þáverandi eiginkonu ákærða að aðeins eitt svefnherbergi hafi verið í íbúðinni sem fjölskyldan bjó í við L-götu í Reykjavík. Ákærði hafi sofið í rúmi en þau hin á dýnum á gólfinu. Líklega hafi enginn gestkomandi gist hjá þeim þar.

Fyrir dómi hefur ákærði alfarð neitað að hafa brotið gegn E með þeim hætti sem honum er gefið að sök í þessum lið ákæru. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærði efast um að stúlkan hafi komið á heimili hans á L-götu, en þar hafi fjölskyldan búið í mjög skamman tíma og hún hafi að minnsta kosti aldrei gist þar. Þá neitaði hann að hafa á einhverjum öðrum stað lagst við hlið stúlkunnar.

Vitnisburður E um að ákærði hafi brotið gegn henni með þeim hætti sem hún hefur lýst er trúverðugur. Einn og sér og gegn staðfastri neitun ákærða nægir hann ekki til sakfellingar. Skýrsla Brynjars Emilssonar sálfræðings, sem áður er getið, fær þessu ekki breytt. Þá verður við mat á sönnun fyrir einstökum brotum ákærða ekki litið til þess að hann hafi verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot. Með vísan til þessa, sönnunarfræslu að öðru leyti og ákvæða 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir varhugavert að telja fram komna sönnun fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í þessum ákærulið greinir. Er hann því sýknaður af sakargiftum að þessu leyti.

X.

Í ákærulið F.17 er ákærða gefið að sök brot gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa í eitt skipti á árinu 2007 á heimili sínu við K-götu í Kópavogi lagst allsnakinn við hlið stúlkunnar F þar sem hún lá í rúmi, lagt fótlegg yfir hana og legið svo þétt upp við hana að getnaðarlimur hans straukst við bak hennar.

Í skýrslu sem tekin var af F fyrir dómi 8. maí 2008 skýrði hún frá því að oftast þegar hún hafi gist hjá C vinkonu sinni á heimili ákærða hafi hann verið allsber. Hafi hún oft spurt hann hvort hann gæti klætt sig, en hann hafi eiginlega aldrei svarað henni. Einu tilteknu atviki lýsti stúlkan með þessum orðum: „Ég og C, hann og konan hans þau sváfu í stóru hjónarúmi og alltaf þegar einhver er að gista þá sofum við í hjónarúminu, hann í kojunni hennar C. Og eina nótt þá svaf hann líka í rúminu, oftast sefur hann þá hjá C, ég hérna og hann svolítið hjá henni. En svo eina nótt þá var hann hjá mér og þarna typpið snerti bakið á mér, typpið, og það var ekki þægileg tilfinning.“ Þá lýsti stúlkan því síðar í þessari skýrslu sinni að þegar þetta gerðist hafi ákærði legið á bakinu og sett lappirnar yfir hana. Nánar aðspurð um það af hverju hún stæði í þeirri meiningu að þetta hafi verið typpið á ákærða svaraði hún því til í fyrstu að hún hafi bara fundið það. Síðar í skýrslunni segir hún svo frá varðandi þetta atriði: „[Hann] er svona hátt uppi, ég svona lágt niðri, svo fóru alltaf hnén líka hérna í mig og þá fattaði ég, þetta er svona aðeins ofar uppi hjá honum, væri þá að snerta mig og það var bara svona, þegar hann snerti mig, hann var samt alltaf með hnéd hérna og typpið hérna, þá fattaði ég að

það væri bara svona lítill munur, svo var líka eitthvað mjúkt og ógeðslegt.“ Á myndbandsupptöku sem tekin var þegar stúlkan gaf þessa skýrslu sína sést hún gefa það til kynna með bendingum að hún hafi fundið fyrir hjám hans við læri sín og þá gert sér grein fyrir því að það væri typpið á honum sem snerti mitt bak hennar. Þá kom fram hjá henni að ákærði hafi verið allsber þegar þetta gerðist. Hún hafi legið á hlið. Hann hafi örugglega verið vakandi þegar þetta gerðist því hún hafi séð að hann var með opin augun. Þá hafi hann líka verið „að hreyfa sig svo rosalega mikið og taka koddann svona upp og eitthvað“ og „svo settist hann líka upp og lagaði koddann sinn og eitthvað og fór aftur að hvíla sig“. Þetta hafi svo endað þegar hann fór í kojuna eftir að hún hafi beðið hann um að fara þangað. Þá kom fram hjá F í þessari skýrslu hennar að hún hafi sagt C frá þessu um nóttina. Hafi C brugðist við með að segja að hún mætti engum segja frá þessu. Þegar þetta gerðist hafi hún verið í 5. bekk og C hafi búið í stórri blokk í Kópavogi og að blokkin sé nr. 24.

Þegar tekin var skýrsla af C fyrir dómi 18. júní 2008 kannaðist hún ekki við að F hafi sagt henni frá því að faðir hennar hafi snert hana með þeim hætti sem hún hefur lýst samkvæmt framansögðu. Þó kom fram hjá henni að einu sinni hafi það gerst að F, C og faðir hennar hafi öll sofið saman í hjónarúminu.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 25. apríl 2008 neitaði ákærði að hafa brotið gegn F, hún hafi sennilega séð hann nakinn en hann hafi aldrei snert hana. Það sem hún beri á hann hafi aldrei gerst og þetta sé ímyndun í henni. Þessa afstöðu sína áréttaði hann við skýrslutöku 20. júní 2006 og sérstaklega aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa deilt rúmi með þeim F og C. Fyrir dómi var afstaða ákærða sú sama.

Vitnisburður F um það atvik sem hún lýsir samkvæmt framansögðu er trúverðugur, en hann er þó ákveðinni óvissu bundinn. Öndvert við það sem stúlkan heldur fram fær hann takmarkaðan stuðning í vitnisburði C. Ákærði hefur staðfastlega neitað sök að þessu leyti. Svo sem fyrr greinir verður við mat á sönnun fyrir einstökum brotum hans ekki litið til þess að hann hafi verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot. Með vísan til þessa, sönnunarfærslu að öðru leyti og ákvæða 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir varhugavert að telja sannað að ákærði hafi lagst við hlið F þar sem hún lá í rúmi og svo þétt upp við hana að getnaðarlimur hans straukst við bak hennar. Er hann því sýknaður af sakargiftum samkvæmt þessum lið ákæru.

## XI.

Sakargiftir samkvæmt lið H.22 í ákæru taka nú eingöngu til þess að ákærði hafi haft í vörslum sínum 99 ljósmyndir af dætrum sínum og stjúp dóttur og þrjár hreyfimyndir sem sýni þær á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Er þetta talið varða við 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur, svo sem áður er fram komið, tjáð sig á þann veg um þessar myndir að þær geti með engu móti talist kynferðislegar eða klámfengnar. Hann hafi

að mestu tekið þessar myndir þar sem hann dvaldi með dætrum sínum og stjúpdóttur á nektarnýlendum í útlöndum. Um sé að ræða myndir sem teljist vera „holiday photos“ með sama hætti og aðrar myndir sem teknar voru á þessum ferðalögum.

Dómarar málsins hafa skoðað ljósmyndir sem þessi ákæruliður tekur til, svo og þær þrjár hreyfimyndir sem einnig er ákært út af, en hvað þetta sakarefni varðar hefur málið ekki verið lagt fyrir dóminn með þeim hætti að viðunandi geti talist. Það er mat dómsins að um það bil 50 ljósmyndir og allar hreyfimyndirnar verða að teljast kynferðislegar eða klámfengnar í skilningi 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Myndirnar voru vistaðar í tölvum í eigu ákærða og telja verður í ljós leitt að hann hafi haft vitneskju um tilvist þeirra þar. Samkvæmt þessu og enda þótt ósannað sé að ákærði hafi sjálfur tekið tvær af þeim þremur hreyfimyndum sem saksókn tekur til er fallist á það með ákærvaldinu að hann hafi brotið gegn tilvitnuðu lagaákvæði.

## XII.

Ákærði er samkvæmt öllu framansögðu sakfelldur fyrir að hafa í þrjú skipti haft kynferðismök, önnur en samræði, við stjúpdóttur sína, A, þegar stúlkan var innan við 14 ára gömul. Með því braut hann gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hefur ákærði verið fundinn sekur um kynferðislega áreitni gagnvart G, sem þá var 10 ára, sbr. ákæruliður G.21, en sú háttsemi hans varðar hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Einnig hefur ákærði, með þeim hætti sem áður er getið, unnið til refsingar samkvæmt 209. gr. laganna, sbr. í þeim efnum ákæruliðir A.1, A.2, A.3, B.5, B.6, B.7, C.8, C.9, C.11, D.12, D.13, E.14, F.16, G.18 og G.19. Loks er ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 210. gr. þeirra, sbr. ákæruliður H.22.

Með 10. og 11. gr. laga nr. 61/2007, sem öðluðust gildi 4. apríl 2007, voru refsingar fyrir þau brot, sem 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga taka til, þyngdar til muna og að auki mælt fyrir um lágmark fangelsisrefsingar fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. Hér þarf því að gæta ákvæðis 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en af því leiðir að hinn breytti refsiramma 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. laganna verður aðeins látinn ná til eins af þeim brotum sem ákærði framdi gegn stjúpdóttur sinni og sem fólust í kynferðismökum, enda þykir verða við það að miða svo sem sönnunarfærslu í málinu hefur verið háttáð að önnur sambærileg brot gegn stúlkunni hafi ákærði framið fyrir 4. apríl 2007.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að hann hefur gerst sekur um mörg kynferðisbrot gegn barnungum stúlkum og að sum þeirra eru mjög alvarleg. Brot hans tóku að hluta til yfir langt tímabil og hann nýtti sér sakleysi stúlnanna og trúnað og traust sem dætur hans og stjúpdóttir báru til hans. Þá hefur framburður hans einkennst af því að hann vilji draga úr ábyrgð sinni og varpa þeim yfir á þolendur misgjörða sinna, en á þessu bar einkum þegar ákærði lýsti afstöðu sinni til þeirra brota gagnvart stjúpdóttur sinni og G sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Hann hefur hins vegar ekki áður sætt refsingu.

Samkvæmt öllu framansögðu og með sérstakri hliðsjón af 1. tölul. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 3. apríl

2008.

Með vísan til 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og niðurstöðu dómsins í kafla XI hér að framan er fallist á þá kröfu ákærvalds að ákærða verði gert að sæta upptöku á Fujitsu/Siemens turntölvu með tveimur hörðum diskum og Dell Latitude fartölvu.

XIII.

Með þeim brotum, sem ákærði er sakfelldur fyrir, hefur hann bakað sér skyldu til að greiða þeim stúlkum sem hann braut gegn miskabætur, sbr. b. liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þegar virt eru brot hans gegn hverri þeirra ásamt því sem fyrir liggur um afleiðingar brotanna í einstökum tilvikum, eru miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 krónur til A, 500.000 krónur til B, 500.000 krónur til C, 250.000 krónur til D, 150.000 krónur til E, 150.000 krónur til F og 600.000 krónur til G. Þær hafa hver fyrir sig krafist vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu fram til þess tíma að mánuður var liðinn frá því að kröfur þeirra voru kynntar ákærða, sbr. 9. gr. sömu laga, en upp frá því dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna. Vextir verða dæmdir þessu til samræmis eins og nánar greinir í dómsorði, en upphafstími almennra vaxta samkvæmt hverri kröfu fyrir sig miðaður við þann dag sem ætla má að brotum ákærða hafi verið lokið.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins samkvæmt yfirliti sækjanda um hann, en það hljóðar upp á samtals 511.600 krónur, og ákvörðun dómsins um málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða og þóknun réttargæslumanna brotþola, sem ákveðin verða með virðisaukaskatti, eins og nánar greinir í dómsorði. Að auki verður ákærða gert að greiða aksturskostnað verjanda síns að fjárhæð 70.800 krónur.

Mál þetta dæma Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri og héraðsdómararnir Arnfríður Einarsdóttir og Finnbogi H. Alexandersson.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar kemur gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 3. apríl 2008.

Ákærði sæti upptöku á Fujitsu/Siemens turntölvu með tveimur hörðum diskum og Dell Latitude fartölvu.

Ákærði greiði A 2.000.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2007 til 14. júní 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. september 2007 til 14. júní 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. september 2007 til 14. júní 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði D 250.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. mars 2008 til 25. maí 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði E 150.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júní 2005 til 25. maí 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði F 150.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2008 til 20. júlí 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði G 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júlí 2007 til 20. júlí 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns, 1.680.750 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns A, B, C, E, F og G, Steinunnar Guðbjartsdóttur hæstaréttarlögmanns, samtals 809.250 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns D, Auðar Bjargar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 187.750 krónur. Þá greiði ákærði 582.400 krónur í annan sakarkostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson

Arnfríður Einarasdóttir

Finnbogi H.

Alexandersson